

FUNDARBOÐ

260. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, fimmtudaginn 16. janúar 2025 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra

2. 2412050 - Skjalastefna Borgarbyggðar

Afgreiðsla frá 692. fundi byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð samþykkir framlagða skjalastefnu og leggur fyrir sveitarstjórn til fullnaðarafgreiðslu. Byggðarráð fagnar þessu mikilvæga skrefi í átt að rafrænum skilum en Borgarbyggð er meðal fyrstu sveitarfélaga sem skilar rafrænum gögnum til Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna stjórnsýslu. Samþykkt samhljóða."

3. 2411033 - Hraunsás - umsókn um deiliskipulag - 204514

Afgreiðsla 71. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkir framlagða tillögu að deiliskipulagi til auglýsingar með þeim fyrirvara að sveitarstjórn samþykki aðalskipulagsbreytingu sem liggur deiliskipulaginu til grundvallar til auglýsingar. Lagður var fram uppdráttur og skýringaruppdráttur dags. 15.10.2024 ásamt drögum að eldvarnar- og rýmingarkorti. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að málsaðili leggi fram tillögu að áfangaskiptingu framkvæmda í greinagerð deiliskipulagsins. Samþykkt samhljóða."

Lagt fyrir sveitarstjórn sbr. 6. gr. viðauka 1.1. samþykktar um stjórn Borgarbyggðar 1213/2022 m.s.br.

4. 2412233 - Vindorkugarður á Hælsheiði_Kynning matsáætlunar

Afgreiðsla 72. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að fullvinna umsögn um kynningu á matsáætlun vegna vindorkugarðs á Hælsheiði í Flókadal út frá þeim ábendingum og umræðum sem komu fram á fundinum og vísar til endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

5. 2412011 - Verkfallslistar 2025

Afgreiðsla byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr.692: "Lögð fram skrá yfir störf hjá Borgarbyggð sem sveitarfélagið telur að falli undir 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Framlögð skrá yfir störf hjá Borgarbyggð sem undanþegin eru verkfallsheimild. Sveitarstjóra falið að láta birta hana með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða."

6. 2404256 - Beiðni um umsögn - Beiðni um skipan raflínunefndar vegna Holtavörðuheildarlínu 1.

Afgreiðsla byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr. 692:" Framlagt erindi frá Innviðaráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsögn Borgarbyggðar um nýja beiðni Landsnets um skipan í raflínunefnd vegna Holtavörðuheildarlínu 1.

Byggðarráð Borgarbyggðar tók á fundi nr. 669 dags. 2. maí 2024 fyrir sams konar beiðni Landsnets. Afstaða byggðarráðs hefur ekki breyst og er því lögð til eftirfarandi nær óbreytt afgreiðsla á beiðninni: Fyrirhuguð Holtavörðuheildarlína 1 mun liggja um fjögur sveitarfélög. Enginn ágreiningur er uppi um þjóðhagslegt mikilvægi línunnar og mikilvægi hennar til að auka raforkuöryggi í landinu. Fyrir samfélagið í heild er því til mikils að vinna ef hægt er að auka skilvirkni skipulagsferlisins án þess að það bitni á gæðum skipulagsvinnunnar.

Innan sveitarfélaga eru skiptar skoðanir um æskilegt línustæði og ekki loku fyrir það skotið að ágreiningur muni vakna milli sveitarfélaga sömuleiðis. Því er æskilegt að skapaður sé farvegur til að ávarpa og greiða úr slíkum ágreiningi og tryggja sameiginlegan skilning. Fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni fylgja enda stefnu sinna sveitarfélaga og gæti hagsmuna þeirra.

Ekki er komin reynsla á skipan raflínunefnda. Það er von byggðarráðs að ef til þess kemur muni nefndin verða til þess að styrkja samtal Landsnets, ráðuneytis og sveitarfélaga sem vega muni fyllilega upp á móti þeim breytta farvegi skipulagsferlisins. Skipan raflínunefndar felur í sér eftirgjöf skipulagsvalds. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á raforkulögum síðustu ár hafa rýrt skipulagsvald sveitarfélaga gagnvart kerfisáætlun Landsnets. Skipan raflínunefndar mun að mati byggðarráðs í framkvæmd hvorki rýra frekar né endurheimta það skipulagsvald sem frá sveitarfélögum hefur verið tekið með áorðnum breytingum á skipulagslögum. Samþykkt samhljóða."

7. 2411044 - Húsnæðisáætlun Borgarbyggðar 2025

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr. 693:Lögð fram drög að húsnæðisáætlun Borgarbyggðar 2025.

Framlagt og sveitarstjóra falið að vinna áfram og leggja fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

8. 2412240 - Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur í janúar 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 693: Framlögð dagskrá og fundargögn vegna eigendafundar Orkuveitu Reykjavíkur.

Framlagt og hefur sveitarstjóra verið falið að mæta á fundinn fyrir hönd Borgarbyggðar. Samþykkt samhljóða."

9. 2412110 - Ársfundur Brákar íbúðafélags hses 15. janúar 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 693: "Framlagt fundarboð á ársfund

Brákar íbúðafélags hses sem fram fer 15. janúar 2025.
"Framlagt og sveitarstjóra falið að mæta á fundinn fyrir hönd Borgarbyggðar.
Samþykkt samhljóða.

10. 2501021 - Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 693: "Lögð fram tillaga að tekjumörkum vegna afsláttar fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega í Borgarbyggð.

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga lögheimili í Borgarbyggð eiga rétt á afslætti af fasteignaskatti skv. reglum og ákvörðun sveitarstjórnar hvert ár, sbr. heimild í 5. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hjá hjónum og sambýlisfólki ræður aldur þess er fyrir verður 67 ára. Afsláttur nær einungis til íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi býr sjálfur í.

Afsláttur ræðst af tekjum undanfarandi árs. Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali, en þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

Tekjumörk eru ákveðin af byggðarráði Borgarbyggðar í desember á hverju ári og eru nú: Fyrir einstaklinga, (tekjur á árinu 2024):

með tekjur allt að kr. 5.065.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 5.065.001 - 5.864.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 5.864.001 - 6.654.000 er veittur 50% afsláttur

Fyrir hjón (tekjur á árinu 2024):

með tekjur allt að kr. 8.375.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 8.375.001 - 9.364.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 9.364.001 - 10.464.000 er veittur 50% afsláttur

Byggðarráð samþykkir að fyrirkomulag afsláttar á fasteignskatt elli- og örorkulífeyrisþega í Borgarbyggð verði með óbreyttum hætti en hækkun verði 5,6% frá fyrra ári sem er í takt við breytingu á launavísitölu á milli ára og hækkun ellilífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins á milli ára.

Samþykkt samhljóða."

11. 2406059 - Sorpútboð 2024

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr. 692: "Framlögð opnunarskýrsla vegna útboðs fyrir úrgangspjónustu fyrir Borgarbyggð en opnunarfundur fór fram 18. desember 2024.

Framlögð opnunarskýrsla og sveitarstjóra falið að láta fara fram mat á tilboðum í samstarfi við ráðgjafa.

Samþykkt samhljóða."

12. 2411093 - Verðfyrirspurn v. tjaldsvæða í Borgarnesi og Varmalandi

Afgreiðsla byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr. 963: "Rætt um fyrirkomulag rekstrar tjaldsvæða í Borgarbyggð en samningar um rekstur þeirra eru lausir.

Tjaldsvæðin í Borgarnesi og á Varmalandi eru í eigu sveitarfélagsins. Byggðarráð leggur til, að fenginni umsögn Umhverfis- og landbúnaðarnefndar, að sveitarstjóra verði falið að auglýsa eftir áhugasömum aðilum um að taka við rekstri hvors tjaldsvæðis um sig. Að mati byggðarráðs er vannýtt tækifæri í sveitarfélaginu til að laða að ferðamenn sem kjósa að dvelja á tjaldsvæðum til lengri eða skemmri tíma og að tjaldsvæðin styðji við aðra ferðapjónustu á svæðinu. Við val á samningsaðilum verði því horft til þátta á borð við

beinar leigutekjur sveitarfélagsins, leigutíma, áform rekstraraðila um uppbyggingu, markaðssetningu, sjálfbærni o.s.frv. Einnig hvernig rekstraraðili sjái fyrir sér að starfsemin styðji ferðapjónustu í sveitarfélaginu almennt og fjárhagslegar forsendur séu til staðar. Byggðarráð óskar eftir því að sveitarstjóri vinni auglýsingu á þeim grunni. Samþykkt samhljóða."

13. 2405290 - Reglur á fjölskyldusviði

Afgreiðsla velferðarnefndar frá fundi nefndarinnar nr. 155:" KPMG hefur unnið að breytingum á regluverki í velferðarþjónustu Borgarbyggðar. Lagðar eru fram reglur um fjárhagsaðstoð, reglur um sérstakan húsnæðisstuðningi og reglur um félagslegt leiguhúsnæði. Einnig eru lagðar fram nýjar reglur er snúa að akstursþjónustu fyrir bæði aldraða og fatlaða.

KPMG hefur unnið að breytingum á regluverki í velferðarþjónustu Borgarbyggðar. Lagðar eru fram reglur um fjárhagsaðstoð, reglur um sérstakan húsnæðisstuðningi og reglur um félagslegt leiguhúsnæði. Einnig eru lagðar fram nýjar reglur er snúa að akstursþjónustu fyrir bæði aldraða og fatlaða. Velferðarnefnd leggur til við sveitastjórn að samþykkja uppfærðar reglur. Samþykkt samhljóða."

14. 2311071 - Íþróttasvæði Borgarnesi - Deiliskipulag

Afgreiðsla 69. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkir framlagða tillögu með þeim fyrirvara að sveitarstjórn samþykki aðalskipulagsbreytingu sem gerð er samhlíða, samkvæmt 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum umsagnaraðila. Samþykkt samhljóða".

Lagt fyrir sveitarstjórn sbr. 6. gr. viðauka 1.1. samþykktar um stjórn Borgarbyggðar 1213/2022 m.s.br.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 13.12.2024 og svör við athugasemdum stofnunarinnar dags. ásamt uppfærðum gögnum dags. 03.10.2024, lagfært desember 2024.

15. 2203134 - Tilboð í landskika að Búrfelli

Afgreiðsla frá 692. fundi byggðarráðs: "Lagt er fyrir byggðarráð að taka afstöðu til tilboðs sem barst sveitarfélaginu vorið 2022. Það er óheppilegt að það hafi ekki verið fullafgreitt þá þegar. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að fallið verði frá þeirri fyrirætlun að selja 50% hlut Borgarbyggðar í landinu Búrfelli. Að mati byggðarráðs mæla ýmis formsatriði gegn sölu að svo komnu máli, svo sem fyrirkomulag eignarhalds, endurnýja þyrfti verðmat og uppmælingu. Framundan er að leggja heildstætt mat á eignir Borgarbyggðar m.a. til þess að móta afstöðu um hvaða eignir megi setja á sölu. Samþykkt samhljóða."

16. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Hafðís Lára Halldórsdóttir hefur beðist lausnar sem varamaður fyrir Framsóknarflokkinn (B lista) í sveitarstjórn.

Næsti fulltrúi inn sem varamaður í sveitarstjórn er Sonja Lind Eyglóardóttir Estrajher skv. uppröðun á framboðslista Framsóknarflokksins (B lista).

Fundargerðir til kynningar

17. 2412045 - Vatnsveita Hraunhrepps_ fundagerð 9.12.2024

Framlögð fundargerð stjórnar Vatnsveitu Hraunhrepps dags. 9.12.2024.

Fundargerð

18. 2412009F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 692

- 18.1 2412011 - Verkfallslistar 2025
- 18.2 2412050 - Skjalastefna Borgarbyggðar
- 18.3 2406143 - Tillaga að nýjum sameignarfélagssamningi Faxaflóahafna
- 18.4 2409001 - Vinnuhópur um eigendastefnu, sameignarsamning og lög um Orkuveituna
- 18.5 2404256 - Beiðni um umsögn - Beiðni um skipan raflínunefndar vegna Holtavörðuheidarlínu 1.
- 18.6 2408149 - Staða á framkvæmdum í Borgarbyggð
- 18.7 2410279 - Ósk um fjárstuðning til Stígamóta 2025
- 18.8 1907035 - Erindi frá Heilsu Hofi
- 18.9 2203134 - Tilboð í landskika að Búrfelli
- 18.10 2412054 - Umsókn um lóð - Vallarás 4a og 6
- 18.11 2311091 - Vallarás - hönnun og framkvæmdir
- 18.12 2406016 - Uppbygging nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar
- 18.13 2401059 - Mælaborð um rekstur Borgarbyggðar
- 18.14 2406059 - Sorpútboð 2024
- 18.15 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.

19. 2412021F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 693

- 19.1 2412224 - Umsókn um lóð - Vallarás 14 A.
- 19.2 2411044 - Húsnæðisáætlun Borgarbyggðar 2025
- 19.3 2401329 - Samskipti við fasteignaeigendur í Brákarey vegna lóða við Vallarás
- 19.4 2412240 - Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur í janúar 2025
- 19.5 2412092 - Ársreikningur Menningarsjóðs Borgarbyggðar 2023
- 19.6 2412231 - Stöðuskýrsla um innleiðingu Árórsarsamningsins
- 19.7 2412110 - Ársfundur Brákar íbúðafélags hses 15. janúar 2025
- 19.8 2403092 - Fundagerðir 2024 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands.
- 19.9 2403003 - Fundagerðir stjórnar SSV 2024.

20. 2501002F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 694

- 20.1 2501024 - Jarðskjálftavirkni við Grjótárvatn
- 20.2 2501030 - Starfsemi Slökkviliðs Borgarbyggðar 2024
- 20.3 2501021 - Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti
- 20.4 2411093 - Verðfyrirspurn v. tjaldsvæða í Borgarnesi og Varmalandi

- 20.5 2406059 - Sorpútboð 2024
- 20.6 2410217 - Girðing á Lambatungur
- 20.7 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif

21. 2501003F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 239

- 21.1 2501033 - Skóladagatöl fyrir leik-, grunn- og listaskóla Borgarbyggðar
- 21.2 2501029 - Bréf frá MMS og leiðbeiningar vegna innleiðingar á Frigg - nemendagrunni
- 21.3 2501035 - Umgjörð leikskóla hjá Borgarbyggð
- 21.4 2201118 - Útboð á skólaakstri 2022
- 21.5 2501038 - Staðan á framkvæmdum við grunnskóla Borgarbyggðar
- 21.7 2501019 - Sund- og íþróttakort Borgarbyggðar
- 21.8 2501015 - Vinnuskóli Borgarbyggðar sumar 2025
- 21.9 2501036 - Starfsemi frístundar í Borgarbyggð
- 21.10 2412008 - Gjaldskrár 2025

22. 2412013F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 73

- 22.1 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025
- 22.2 2412077 - Snjómokstursreglur í dreifbýli
- 22.3 2411093 - Verðfyrirspurn v. tjaldsvæða í Borgarnesi og Varmlandi
- 22.4 2501004 - Drög að nýrri gæludýrasamþykkt fyrir Vesturland og Kjósarhrepp
- 22.5 2412075 - Sorphirðudagatöl 2025
- 22.6 2412084 - Umsókn um bæjarskilti - Bjarnastaðir 2
- 22.7 2501024 - Jarðskjálftavirkni við Grjótárvatn

22. 2412014F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 72

- 22.1 2412233 - Vindorkugarður á Hælsheiði_Kynning matsáætlunar
- 22.2 2412025 - Seleyrarland - Fyrirspurn um skipulagsmál
- 22.3 2411045 - Birkilundur 3 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 22.4 2411172 - Umsókn um stofnun lóða - Deildartunga 2
- 22.5 1902055 - Álfabrekka 11, sameinaðar landeignir
- 22.6 2411024F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 46
- 22.7 2412012F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 47
- 22.8 2412017F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 48
- 22.9 2412015F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 236

23. 2501008F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 156

- 23.1 2501057 - Trúnaðarbók 2025
- 23.2 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð
- 23.3 2311278 - Gott að eldast

23.5 2501058 - Skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni

14.01.2025

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslusviðs.